

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra atvinnuvega og nýsköpunar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík.

Reykjavík 8. janúar 2021

Efni: Umsögn Skot Productions ehf., framleiðslufyrirtækis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi (tilgreining kostnaðarliða, eftirlit o.fl.), mál nr.269/2020)

Almennt

Skot Productions ehf (hér eftir Skot) hefur tekið til skoðunar áform stjórnvalda um að breyta lögum nr.43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Skot telur að þær breytingar sem lagðar eru til séu almennt til þess fallnar að flækja núverandi kerfi sem er í senn skilvirkt og einfalt eins og fram kemur í nýútgefinni kvikmyndastefnu sem gilda á til ársins 2030. Miðað við tillögurnar mun kostnaður íslenskra framleiðslufyrirtækja aukast og í þeim felst neikvæður hvati til að ráða fast starfsfólk. Aukið flækjustig mun enn fremur fæla frá erlend kvikmyndaverkefni sem oft eru fyrsti gluggi ferðamanna hingað til lands auk þess sem slík verkefni eru lífsnauðsynleg fyrir íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Í öllum meginatriðum leggst Skot gegn tillögunum en fagnar engu að síður að framlengja eigi lög um endurgreiðslur til kvikmyndagerðar fram til ársins 2025.

Aukinn kostnaður

Í frumvarpinu segir: "Eitt af lykilatriðum skýrslunnar og gagnrýni hennar á kerfið er að það sé misjafnt hvort verkefni sem hljóta yfir 20 milljónir króna endurgreiðslu séu endurskoðuð með hliðsjón af sértækum ákvæðum laga og reglugerðar um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi eða ekki."

Í reglugerðinni segir: "Nemi endurgreiðslan hærrí fjárhæð en 20 milljónum króna skal kostnaðaruppgjör jafnframt endurskoðað." Í frumvarpinu teljum við óljóst hvort um sé að ræða gagnrýni á það að ekki sé farið eftir þessari reglu eða hvort sé um að ræða gagnrýni á það að stundum sé kostnaðaruppgjör staðfest og stundum endurskoðað. Í stuttu máli telur Skot að frumvarpið þurfi að vera skýrara hvað þetta varðar.

Eigi hins vegar að breyta reglunum þannig að öll uppgjör séu endurskoðuð mun það vera mikill kostnaðarauki fyrir framleiðslufyrirtækin, þar sem endurskoðun er töluvert kostnaðarsöm, þá sérstaklega í hlutfalli við minni verkefni. Þá er þessi krafa ekki í samræmi við það sem almennt gerist í fyrirtækjarekstri á Íslandi. Á Íslandi eru þau fyrirtæki sem uppfylla skilyrði laga um ársreikninga og ná tilteknum stærðarmörkum endurskoðunarskyld. Fyrirtæki þurfa að láta endurskoða ársreikninga sína ef þau hafa náð ákveðnum stærðarmörkum sl. tvö reikningsár.

Íslensk stærðarmörk eru þessi:

- 200 milljón kr. í eignir
- 400 milljón kr. í rekstrartekjur
- 50 ársverk

Þau fyrirtæki sem eru undir stærðarmörkunum þurfa ekki að fá endurskoðun.

Í Evrópu eru mun hærrí stærðarmörk fyrir skilyrði á fullri endurskoðun:

- 720 milljón kr. úr niðurstöðutölum efnahagsreiknings
- 1.4 milljarðar kr. í hreinni veltu
- 50 ársverk

Sjá <http://www.atvinnurekendur.is/endurskodun-arsreikninga/>

Þannig væri mikil mismunun í því fólgin ef framleiðslufyrirtæki þyrftu að láta endurskoða verkefni sem eru 80 milljónir í veltu og minni (miðað við 25% endurgreiðslu) á meðan önnur fyrirtæki á íslenskum markaði þurfa endurskoðun við 400 milljónir, og önnur fyrirtæki í Evrópu við 1.4 milljarð. Það hlýtur að teljast óheppileg samkeppnisstaða og íþyngjandi fyrir framleiðslufyrirtæki.

Stofn til endurgreiðslu

Í frumvarpsdrögunum kemur fram vilji til að þröngja kostnaðargrundvöll endurgreiðslna og tekið mið af endurgreiðslukerfum Noregs, Tékklands og Bretlands. Því miður hefur þarna alveg gleymst að taka með í reikninginn að einmitt vegna þess að kostnaðargrundvöllur endurgreiðslna á Íslandi er ekki eins þröngur og víða annars staðar, velja erlend stórfyrirtæki í mörgum tilfellum frekar að koma til Íslands með framleiðslu sína en að halda til landa þar sem ívilnanakerfið þykir flókið, illviðráðanlegt og þar með óhagkvæmara.

Margt er að athuga við hugmyndir um að afmarka þann kostnað sem myndar stofn til endurgreiðslu. Meðal annars er kveðið á um að kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eða eignum vegna framleiðslu, eða afskriftir, séu ekki hluti af stofni til endurgreiðslu.

Þessu mótmælir Skot enda er hér verið að draga úr hvata fyrirtækja til þess að fjárfesta í tækjum til framleiðslunnar og þess í stað hvetja þau til að leigja tæki í auknum mæli. Getur slíkur hvati haft óæskileg áhrif á iðnaðinn allan og eftir atvikum hækkað framleiðslukostnað einstakra fyrirtækja. Þarf hér sérstaklega að líta til eftirvinnslu en sum kvikmyndaframleiðslufyrirtæki hafa fjárfest töluvert í tækjabúnaði til að geta sinnt þeim hluta framleiðslunnar sjálf. Að sama skapi getur t.d. leikmynd orðið að eign og í ljósi þess að kostnaður við gerð hennar er óumdeilanlega útlagður kostnaður, er ótækt að undanskilja hana stofni til endurgreiðslu.

Skot lýsir heilt yfir áhyggjum af þriðju grein þar sem nánar er skilgreint hvaða kostnaður er endurgreiðsluhæfur samkvæmt lögnum.

Svo virðist m.a. sem hið svokallaða producers fee sé fellt út úr stofni til endurgreiðslu og er í ákvæðinu vísað til áætlaðs framlags framleiðslunnar til hlutdeildar í rekstri móðurfélags eða tengdra aðila á grundvelli hlutfalls af veltu.

Ljóst er að endurgreiðslukerfið mun verða flóknara eftir slíkar breytingar og fyrirtæki verða knúin til að útvista í auknum mæli þeirri þjónustu sem þau þurfa á að halda til að framleiða kvikmyndaverk. Minnkar þannig hvati til að fastráða starfsfólk enda fyrirséð að kostnaður sem hlýst af því starfsfólki fæst ekki reiknaður inn í stofn til endurgreiðslu. Á það sama við um aðstoð við bókhaldsuppgjör og samningagerð.

Endurgreiðsla á Covid tímum

Íslenska endurgreiðslukerfið þarf að vera samkeppnishæft á alþjóðagrundvelli. Mörg lönd hafa tekið upp á því eftir Covid að hækka endurgreiðsluhlutfallið til að fjölga störfum og örva efnahagslífið. Nýlegt dæmi er frá Kanaríeyjum þar sem endurgreiðslan var nýverið hækkuð upp í 45-50%.

Mjög mikilvægt er að hafa í huga að kostnaðurinn sem hér um ræðir er endurgreiddur kostnaður sem fallinn er til. Ef upphæðirnar eru háar er það vegna þess að miklu fjármagni hefur verið eytt hér á landi.

Frekar en að flækja skilvirkt kerfi og gera það meira fráhrindandi í augum þeirra sem vilja taka upp kvikmyndir og sjónvarpsþætti hér á landi, væri nær að skoða hækkun endurgreiðslu svo Ísland haldi samkeppnishæfni sinni. Hækkun endurgreiðslu væri tilvalin leið til að örva efnahag Íslands og þá sérstaklega ferðaþjónustuna enda hefur það sýnt sig, eins og fram kemur í tillöggunni, að margir ferðamenn uppgötva Ísland í fyrsta skipti í gegnum íslenskt efni. Því er um að ræða öflugan markaðssetningu á okkar fallega landi. Þá þyrfti sérstaklega að hækka endurgreiðsluhlutfallið ef takmarka á frekar þá liði sem falla undir endurgreiðsluna.

Hafa ber í huga að laun og aðföng eru oft hærrí hér á landi en annars staðar og þess vegna þurfum við að geta boðið upp á endurgreiðslu sem er sambærileg eða hærrí en löndin í kringum okkar bjóða.

Aðrar breytingar

Hvað varðar frekari skilgreiningu á hvenær framleiðslu er lokið fagnar Skot því að það standi til bóta því þetta hefur verið nokkuð óljóst til þessa og valdið misskilningi. Skot telur eðlilegt að þetta miðist við frumsýningu á efni, en þá þurfi að miða við frumsýningu á síðasta þætti þegar um sjónvarpsefni er að ræða, en alls ekki fyrsta þætti þar sem vinnslan á sér stað allt að þeim tíma og jafnvel lengur. Þetta þarf að vera mjög skýrt í nýrri reglugerð.

Tillaga Skots

Í meginatriðum telur Skot breytingatillögurnar sem hér um ræðir til þess fallnar að skerða samkeppnishæfni Íslands á sviði kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerðar og leggst gegn þeim.

Skot harmar ef stigin verða aftur á bak þau skref sem tíunduð eru hér á annars ágætri vegferð íslensks kvikmyndaiðnaðar þar sem markmiðið hefur frá upphafi verið að efla innlenda kvikmyndagerð með þeim afleiðingum að fjöldi verkefna og umfang hefur aukist og þar með fagstörfum í greininni á ársgrundvelli.

Skoti þykir einsýnt að breytingatillaga þessi skuli dregin til baka og hún unnin upp á nýtt í samvinnu við fulltrúa kvikmyndaiðnaðarins. Nærtækt dæmi um slíka samvinnu er verkefnahópur sá er skipaður var fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs og var ætlað að móta heildstæða stefnu fyrir kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi. Niðurstaðan var til fyrirmyndar og kvikmyndastefna til ársins 2030 var mótuð í sátt.

Að öðru leyti tekur Skot undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn SÍK, Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda, um tillögurnar.

Virðingarfyllt,

Inga Lind Karlsdóttir
stjórnarformaður Skot Productions ehf.

Hlynur Sigurðsson
framkvæmdastjóri